

***HJÚKRUNARHEIMILI Í MJÓDD
STARFSEMI Í 10 ÁR***

Í stjórn Skógarbæjar eru:

Formaður: Sigurveig H. Sigurðardóttir RRKÍ.

Varaformaður: Benedikt Geirsson, Reykjavíkurborg.

Hjálmfríður Þórðardóttir, Eflingu.

Stefán Yngvason, RRKÍ.

Sóley Tómasdóttir, Reykjavíkurborg.

Stjórnarfundir sitja auk stjórnar forstjóri, hjúkrunarforstjóri og læknir stofnunarinnar.

Útgefið: 11. maí 2007, Skógarbæ Árskógum 2 109 Reykjavík.

Markmið Skógarbæjar eru:

Að stuðla að heilbrigði og vellíðan heimilismanna.

Að hvetja og styðja heimilismenn til sjálfshjálpar.

Að tryggja lífsgæði og velferð heimilismanna.

Að virða sjálfsákvörðunarrétt heimilismanna.

**Að rækta hlýtt og gott viðmót við alla
heimilismenn og ættingja þeirra.**

**Að veita þá bestu þjónustu sem
völ er á, á hverjum tíma.**



Saga Skógarbæjar í 10 ár

Það var í febrúar 1995, að Reykjavíkurborg og Reykjavíkurseild Rauða Kross Íslands undirrituðu viljayfirlýsingu þess efnis, að standa sameiginlega að byggingu hjúkrunarheimilis í Mjódd og var skóflustunga tekin í nóvember það sama ár. Þar skyldi rekin sjálfseignastofnun og var fleiri aðilum boðið að gerast stofnaðilar. Lá þá fyrir að Framkvæmdasjóður aldraðra kæmi inn með 40% fjármögnun og bættust síðar við Starfsmannafélagið Sókn, Verkamannafélagið Framsókn, Verkamannafélagið Dagsbrún og Kvennadeild Reykjavíkurseildar Rauða Kross Íslands. Það var síðan þann 16. maí 1997 að hjúkrunarheimilið Skógarbær var formlega tekið í notkun og fyrstu 2 deildirnar, með samtals 22 vistmönnum, opnaðar. Í september voru síðan 27 rými tekin í notkun og síðustu einingarnar um áramót '97/'98.

Fjöldi rýma var í upphafi 77 en var síðan fjölgað í 81 rými. Heimilið var hannað með það í huga veita heimilislegt yfirbragð og því ákveðið að deildirnar skyldu vera minni en áður tíðkaðist og var fámennasta deildin aðeins 8 rými en sú fjölmennasta 16 rými. Tvær deildir, 8 og 11 rýma deildir, voru ætlaðar fyrir minnisskerta einstaklinga, 3 voru almennar hjúkrunardeildir, 15-16 rými, og ein deildin var ætluð fyrir yngri hjúkrunarsjúklinga, 11 rými. Auk þess voru 3 rými á 1. hæð fyrir hvíldarinnlagnir. Á þessum 10 árum hafa orðið þær breytingar að einni af almennu deildunum var breytt í deild fyrir minnisskerta, lokaða deild, vegna aukinnar eftirspurnar um pláss fyrir einstaklinga með Alzheimer eða aðra minnissjúkdóma, og hvíldarplássin voru lögð af og þeim breytt í föst pláss.

Á 10 ára starfsemi Skógarbæjar hafa nærri 240 einstaklingar verið vistaðir á heimilinu fyrir utan um 230 einstaklinga, sem komu inn í hvíldarinnlagnir, þegar þær voru í boði. Margir þeirra sem komu í hvíldarinnlögn komu síðan inn til langdvalar.

Á byggingarstigi var ákveðið að nefna deildirnar í samræmi við þær stofnanir, sem RRKÍ hafa stofnað og rekið og fengu þær nöfnin Austurbær, Vesturbær, Heiðabær, Brekkubær, Hólabær og Efstibær. Í Miðbæ eru sjúkrahjálfun, vinnustofa (áður iðjuþjálfun) og skrifstofur. Eldhúsrýmið er að hluta tengt rými Félagsmiðstöðvarinnar, sem Reykjavíkurborg á og rekur, en eldhúsið tilheyrir og er rekið af Skógarbæ. Í kjallara eru búningsklefar, ræstigeymsla, birgðageymslur og nú nýlega var sett þar upp þvottahús, sem hefur verið gefið nafnið Neðstibær.

Skógarbær fær rekstarfé frá ríkinu en það er heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sem fer með umsýslu og stjórnun og ákveður daggjöld hverju sinni. Daggjöld eru greidd í samræmi við nýtingu rúma og hefur hjúkrunar- og umönnunarþyngd heimilismanna áhrif á hversu há daggjöld eru hverju sinni. Miðað er við niðurstöður úr s.k. RAI mælingum, en þær eru gerðar þrisvar á ári og hver heimilismaður metinn út frá mörgum ólíkum þáttum. RAI er mælitæki sem notað er til að meta hjúkrunarþarfir og heilsufar íbúa á öldrunarstofnunum og er skammstöfun á enska heitinu Resident Assessment Instrument, sem á íslensku hefur verið nefnt Raunverulegur aðbúnaður íbúa. RAI mælitækið er fjölþjóðlegt tæki sem þróað var í Bandaríkjunum á níunda áratug síðustu aldar í því skyni að jafna gæði þeirrar þjónustu sem veitt er á hjúkrunarheimilum aldraðra. Mælitækið hefur verið þýtt og staðfært víða um heim í fjölþjóðlegu samstarfi sem nefnist inter-RAI.

Mikil áhersla var gerð á að gera allar vistarverur heimilislegar þannig að íbúarnir finni frá byrjun að þeir eru komnir á nýtt heimili, en ekki stofnun. Með það í huga var litaval í hvívetna á hlýlegu nótunum, og var m.a. litaval á fatnaði starfsmanna valið í samræmi við liti í húsgögnum og liti á veggjum. Heimilismenn hafa sín eigin húsgögn eftir því sem pláss leyfir, margir hafa sjónvarp inni hjá sér, síma og jafnvel tölvur.

Hjúkrunin miðast við að annast einstaklinga með þá fjölpættu sjúkdóma. Í langtímahjúkrun aldraðra er leitast við að fara eftir hugmyndafræði um líknandi umönnun. Í líknandi umönnun felst heildræn umönnun sjúklings, þar sem markmiðið er að stuðla að lífsgæðum og viðhalda færni út frá líkamlegum, sálrænum og félagslegum þáttum einstaklingsins. Öll umönnun miðast við að þeir einstaklingar, sem hér dvelja, haldi reisu sinni og virðingu þrátt fyrir veikindi og fötlun. Sjálfsákvörðunarréttur einstaklingsins er virtur og haft er samráð við ættingja um velferð einstaklinganna sem hér dvelja. Áhersla er lögð á alúðlega framkomu alls starfsfólks við heimilisfólk Skógarbæjar.

Þar sem langur biðlisti er inn á heimilið hefur sá háttur verið á varðandi reglur um innlagnir að unnið er í samvinnu við sjúkrahúsin og félagsþjónustu Reykjavíkurborgar. Þeir sem eru í brýnustu þörf hverju sinni hafa forgang og eru allar innlagnir unnar í samræmi við það.

Bygging hjúkrunarheimilisins er samtengd Félagsmiðstöðinni Árskógum og var gert ráð fyrir þeim möguleika að samnýta húsnæði eða rekstur heimilisins og félagsmiðstöðvarinnar og þá aðallega eldhúsið og borðsal Félagsmiðstöðvarinnar. Eldhús var skipulagt sem móttökueldhús. Heitur matur fyrir hjúkrunarheimilið er keyptur af Hrafnistu en annar matur er framreiddur frá eldhúsi Skógarbæjar. Frá upphafi var ákveðið að hafa einnig heitar máltíðir á kvöldin og er nú heitur matur 5 kvöld í viku. Heitur matur í hádeginu kemur frá eldhúsi Reykjavíkurborgar á Lindargötu. Starfsmenn Skógarbæjar nýta sal Félagsmiðstöðvarinnar alla virka daga og geta keypt heitan mat sem þar er boðið upp á en einnig er í boði léttara fæði í hádeginu eins og salatbar eða súpur. Salurinn í Félagsmiðstöðinni hefur einnig verið notaður fyrir skemmtanir eða veislur á vegum Skógarbæjar eða heimilismanna og mánaðarlega eru þar haldnar messur sem prestar Seljakirkju sjá um, séra Valgeir Ástráðsson og séra Bolli P. Bollason. Skógarbær og Reykjavíkurborg hafa gert með sér samning

um kaup Reykjavíkurborgar á þjónustu frá Skógarbæ og samnýtingu á húsnæði en í nokkur ár var Félagsmiðstöðin rekin undir stjórn Skógarbæjar.

Heimilinu hefur áskotnast margar góðar gjafir á þessum árum t.d. lyftara, stóla, tækjabúnað fyrir sjúkraþjálfun og iðjuþjálfun frá ýmsum aðilum, RRKÍ, Kvennadeild RRKÍ, stúkum í Oddfellow reglunni og einstaklingum.

Starfsmenn.

Starfsmenn í Skógarbæ eru um 150 samtals, en margir eru í hlutastarfi og heildarstöðugildi eru um 95 talsins. Hjúkrun er undir stjórn hjúkrunarforstjóra, Jónbjargar Sigurjónsdóttur og deildirnar skiptast milli hjúkrunarstjóranna Kolbrúnar Sigurðardóttur og Kristínar Blöndal. Stöðugildi hjúkrunarfræðinga eru um 8 sjúkraliða eru 18. Starfsmenn í umönnun eru í um 50 stöðugildum. Eldhúsi er stjórnað af Olgu Gunnarsdóttur og með henni starfa 10 manns. Þvottahúsi er stjórnað af Auði Friðriksdóttur og húsvörður er Ársæll Guðjónsson. Sjúkraþjálfari er María Kristjánsdóttir og með henni starfa 2 aðstoðarmenn. Í vinnustofu eru 2 starfsmenn sem sjá um daglega afþreyingu. Iðjuþjálfari var starfandi fyrstu árin og er nú reynt að endurvekja þá starfsemi með því að ráða iðjuþjálfara aftur til starfa. Á skrifstofu er launadeild, bókhald og símavarsla auk forstjóra, en þar starfa Kristín Sigþórsdóttir, yfirmaður launadeildar, Helga Jónsdóttir, bókarari og Hrafnhildur Gísladóttir, sem sér um síma, móttöku og fleira. Hárgreiðslustofa er rekin í Skógarbæ og í Félagsmiðstöðinni er bæði hægt að sækja þjónustu í hárgreiðslu og fótisnyrtingu. Yfirlæknir er Jón Eyjólfur Jónsson, öldrunarlæknir, sem starfar samkvæmt samningi milli Skógarbæjar og LSH. Tannlæknir er Kristján Kristjánsson.

Eftir 10 ára starfsemi hafa breytingar orðið í liði starfsmanna, eins og eðlilegt er, starfsmenn hafa hætt og nýir komið í staðinn. Um 20 starfsmenn eru þó enn starfandi eftir 10 ára starfsemi, flestir af þeim sem hér voru taldir á undan.

Þjóðfélagið okkar er að verða alþjóðlegra sem endurspeglast í því að í mörgum þjónustustörfum starfa í auknum mæli erlendir starfsmenn og er þannig einnig hjá okkur í Skógarbæ. Á síðustu árum hefur erlendum starfsmönnum fjölgað og eru nú um 20 þjóðarbrot starfandi í Skógarbæ, samtals um 45 starfsmenn. Erlendir starfsmenn eru hvattir til að fara á íslenskunámskeið, en þau eru styrkt eru að miklum hluta af Eflingu og mun Skógarbær nú einnig taka þátt í þeim kostnaði, þar sem augljóst er hversu mikilvægt er að góður skilningur ríki milli starfsmanna og heimilismanna og ekki síst milli allra starfsmanna.

Á þessum tímamótum ber helst að þakka öllu því frábæra starfsfólki sem hefur unnið hjá Skógarbæ, þeim sem enn eru starfandi eftir 10 ár og öðrum sem starfa í Skógarbæ í dag. Störf á hjúkrunarheimilum er bæði gefandi og krefjandi, samskiptin krefjast mikillar hlýju og nærgætni og nauðsynlegast af öllu er að sýna heimilismönnum umburðarlyndi og virðingu. Tímabundnir álagspunktur reyna mikið á bæði líkamlegt og andlegt þrek starfsmanna fyrir utan það að óreglulegur vaktavinnutími er ekki það sem allir kjósa. Því er nauðsynlegt að almennur skilningur sé í þjóðfélaginu á mikilvægi þessara starfa og að störf þeirra, sem gera það að lífsstarfi sínu að sinna þessari þjónustu, hjúkrun við þá sem þurfa alla aðstoð við athafnir daglegs lífs, séu metin að verðleikum.

Hrefna Sigurðardóttir, forstjóri Skógarbæ

Áratugur í eldhúsi Skógarbæjar

Fyrir 10 árum stóð ég á tímamótum í lífi mínu, ég hafði sagt upp vinnu sem starfsmannastjóri eldhús Landsspítalans og ætlaði aldrei aftur að vinna í eldhúsi eða við starfsmannahald. Ég hafði unnið þar s.l. 13 ár eða nánast allan minn starfsaldur.

En viti menn, líf mitt breyttist föstudagskvöld eitt í mars árið 1997, já klukkan ellefu þá hringdi síminn og var það ráðningarskrifstofa að bjóða mér að koma í viðtal vegna vinnu sem forstöðumaður eldhús á hjúkrunarheimili sem var í byggingu. Hugurinn fór á skrið, það sem ég gat látið draum minn rætast um að byggja upp eldhús frá grunni, hver vill ekki fá þetta einstaka tækifæri á lífsleiðinni. Þar lágu leiðir okkar Hrefnu Sigurðardóttur saman og okkur samdist um að ég tæki að mér rekstur eldhússins. Byrjaði ég þegar að skipuleggja draumaeldhúsið mitt. Ég var fyrsti næringarrekstrarfræðingurinn sem fór af stóru sjúkrahúsunum til að boða boðskapinn um gildi næringar og margt fleira og fékk ég annan næringarrekstrarfræðing til að starfa með mér.

Þegar ég rifja upp þennan liðna tíma þá kemur ýmislegt upp í hugann, hvernig þetta gekk allt saman. Mikið var ég heppin að ekki var búið að skipuleggja allt því ég gat fengið hlutina næstum því eins og ég vildi. Það gekk nú ekki átakalaust. Stór gufupottur, það þurfti engan annan pott, hægt var að elda súpu fyrir 80 manns á eldavélinni. Ég dó ekki ráðalaus pantaði pottinn og læsti hann inni svo ekki væri hægt að skila honum. Gufugleypar fyrir ofan uppþvottavélina og ofninn, ekki breyttist gufa í vatn var mér sagt. Gufugleyparnir komu auðvita þegar vatnsdropar höfðu lekið ofan á formann byggingarnefndar. Nýja uppþvottavél og nýtt færiband við uppþvottavélina til að bæta vinnuaðstöðuna, ég er mjög hlynnt vinnuvernd. Ekki fékk ég nýja uppþvottavél, en nýtt færiband kom. Ekki var vinsælt að ég keypti stóla í eldhúsið, (starfsfólk á ekki að sitja) þannig að ég fékk fyrirtæki hér í

bæ til að gefa nærri því þá upphæð sem þeir kostuðu. Skrifstofan var lítil skonsa minni en hún er í dag, hver hefði trúað því. Forstöðumaður eldhús þurfti ekki skrifstofu, hvað gerir hann þar, er hann ekki að vinna? Svona get ég lengi talið upp atriði sem betur máttu fara í mínu draumaeldhúsi. Yfirmaður minn, hún Hrefna Sigurðardóttir, stóð alltaf með mér. Ég seldi henni allar mínar hugmyndir um draumaeldhúsið og keypti hún þær bæði í tækjum, starfsmannafjölda og matvælum. Ég man það vel að ég var ekki á “topp 10” listanum hjá öllum þeim fyrirtækjum sem komu að þessari byggingu.

Ég var róttæk í breytingum á hefðbundnu stofnanafæði, hér átti að vera heitur matur á kvöldin og þeir heimilismenn sem borða maukað fæði urðu ekki allt í einu tenntir á kvöldin. Hér var útbúin heitur matur fyrir öll sérfæði. Matartímarnir eru öðruvísi en á öðrum hjúkrunarheimilum morgunverður kl. 09:00, hádegisverður kl. 12:30, síðdegishressing kl. 15:00, kvöldverður kl. 18:30 og kvöldhressing kl. 20:30. Ég hef passað vel upp á matarhefðir þeirrar kynslóðar sem býr hjá okkur núna. Hér var t.d. við líði matarklúbbur sem hefur þróast þannig, að minnsta kosti fimm sinnum á ári er eldaður hér lambahryggur með öllu tilheyrandi að kvöldi til. Mín hugsjón hefur alltaf verið sú að allir mínir viðskiptavinir hafa sama vægi, þá skiptir ekki máli hvort það er heimilismaður, starfsmaður eða gestur.

Nú mætti ætla að ég væri búin að koma upp draumaeldhúsinu mínu á þessum áratug sem liðin er, en það er ég svo sannarlega ekki. Margt hefur breyst á þessum árum. Það var t.d. mikil framför þegar uppþvottavélar voru keyptar fyrir allar deildir og hver deild fór að sjá um sinn uppþvott. Ég hefði auðvitað ekki gert neitt af þessu ef ég hefði ekki haft gott starfsfólk. Hvar er yfirmaður staddur án góðs starfsfólks. Flestir starfsmenn mínir hafa verið hér frá upphafi og eiga þeir þakkir skyldar fyrir trygglyndi og vel unnin störf. Tímarnir breytast og mennirnir með og því er brýnt að halda vöku sinni og fylgjast með, sofna ekki á verðinum og staðna ekki. Eldhúsið er bæði móttökueldhús og framleiðslueldhús. Reykjavíkurborg

kaupir alla þjónustu af eldhúsinu fyrir félagsmiðstöð Árskóga.

Eins lengi og ég hef þá ánægju að gleðja aðra með vinnu minni ætla ég mér að starfa áfram og stuðla að góðri næringu og velliðan fólks.

Olga Gunnarsdóttir forstöðumaður eldhús Skógarbæjar.

10 ára starfsemi sjúkrahjálfunar í Skógarbæ

Fyrir 10 árum hafði fyrrverandi hjúkrunarforstjóri Skógarbæjar, Rannveig Guðnadóttir, samband við mig og spurði hvort ég hefði áhuga á að starfa á hjúkrunarheimili sem væri verið að opna í Mjóddinni, þar sem þeim bráðvantaði sjúkrahjálfara. Ég hafði ekki hugsað mér að fara að vinna eingöngu með öldruðum en tilboðið hljóðaði afar áhugavert. Úr varð að ég skoðaði aðstöðuna fyrir sjúkrahjálfunina og sá að mikið og spennandi verkefni væri framundan. Formlega sótti ég um yfirsjúkrahjálfastöðu til forstjóra Skógarbæjar, Hrefnu Sigurðardóttur og var ráðin.

Í byrjun fékk ég lánaðan meðferðarbekk sem var ekki í notkun á Landakoti svo hægt væri að hefja endurhæfingu fyrir þá heimilismenn sem þegar voru komnir. Mikil og skemmtilegt starf var framundan hjá mér, spekulاسjónir í viðeigandi tækjabúnaði og meðferðabekkjum sem best myndi gagnast fyrir þennan aldurshóp. Búnaðurinn var skoðaður og vandað var til verks við kaup á tækjabúnaði í byrjun starfseminnar. Með árunum kom í ljós að húsnæðið var of lítið, skrifstofa sjúkrahjálfara var svo lítil að ekki var pláss fyrir tölvu þegar tölvuvæða átti allar skrifstofur hússins. Salernisaðstaða inn í sjúkrahjálfuninni sem aldrei var notuð, var breytt í skrifstofu en þá kom í ljós að léleg loftræsting og gluggalaus aðstaða gerði það að verkum að erfitt var fyrir sjúkrahjálfarann að hugsa skýrt. Í kjölfarið var meðferðarherbergi með glugga tekið í notkun fyrir skrifstofu sjúkrahjálfara og skýrari hugsun var þar með bætt. Fyrir um það bil ári síðan var svo sjúkrahjálfunin stækkuð með því að opna inn í herbergi sem er við hliðina á sjúkrahjálfuninni og breytti það aðstöðunni mikið þar sem þrengsli voru að verða nokkuð íþyngjandi á álagstímum en það eru um það bil 20 heimilismenn sem koma á hverjum degi í sjúkrahjálfun. Styrkur til tækjakaupa frá kvennadeild RRKÍ, jók fjölbreytni í hjálfun og er ég afar þakklát fyrir þeirra framlag.

Markmið sjúkraþjálfara er að viðhalda sjálfbjargargetu íbúa og létta undir með umönnun, ráðgjöf og umsjón með hjálpartækjum ásamt fræðslu til starfsfólks. Fljótlega voru tveir starfsmenn ráðnir til starfa í hlutastörf, annar þeirra Ingibjörg Sigurðardóttir hefur starfað hjá mér í níu ár og Lilja Rut Michelsen í átta ár og hafa þær að mikilli hlýju og nærgætni aðstoðað heimilismenn og starfsfólk. Okkar samstarf hefur verið mjög gott.

Margt hefur breyst síðan ég hóf starfsemina í Skógarbæ, mesta breytingin er fólgin í tungumálaörðuleikum sem hafa komið upp á milli starfsmanna, sem hafa leitt til þess að hagnýtar upplýsingar komast ekki alltaf starfsmanna á milli. Þegar málið bregst getum við í sjúkraþjálfuninni nú líka verið hnyttir leikarar og með tiltölulega skýra líkamstjáningu. Aldraðir sem koma á hjúkrunarheimili í dag gera meiri kröfu um endurhæfingu en fyrir tíu árum síðan og eru betur upplýstir um hjálpartæki svo sem rafknúna hjólastóla og fleiri þægindi sem bæta lífsgæði og auka sjálfstæði. Lífsgæði hafa aukist til muna með nýjungum í hjálpartækjum sem eru stöðugt í þróun. Miðað við núverandi starfsemi er nauðsynlegt að ráða fleiri sjúkraþjálfara til starfa og í framtíðinni þarf að gera ráð fyrir stærra húsnæði, því fleiri eru komnir í hjólastóla í dag þegar þeir koma á hjúkrunarheimili. Aðgengi út í garð úr sjúkraþjálfun þarf að vera gott svo auðvelt sé að fara út að ganga og þjálfa utan dyra.

Á þessum tímamótum vil ég þakka öllu því góða starfsfólki sem ég hef unnið með um leið og ég hvet alla, jafnt aldraða sem unga til aukinnar hreyfingar með bættri vellíðan.

Sól úti, sól inni, sól í hjarta, sól í sinni
Sól í sálu minni.

María Kristjánsdóttir, yfirsjúkraþjálfari Skógarbæ

Framtíðarsýn

Þegar horft er til baka sést að mikið hefur breyst bæði hvað varðar heimilismenn Skógarbæjar, starfsfólk og vinnuumhverfi. Ný kynslóð aldraðra er að koma inn á hjúkrunarheimilið og starfsmenn eru í auknu mæli af erlendu bergi brotnir. Á síðustu árum hafa komið fram kröfur samfélagsins um betri þjónustu við aldraða, sérbyli á hjúkrunarheimilum og að einstaklingurinn geti búið eins lengi heima hjá sér og kostur er. Til að mæta þessum kröfum um bætta þjónustu á hjúkrunarheimilum hefur Skógarbær verið að endurskoða starfsemi sína og húsakost í því augnmiði að gera enn þá betur í takt við nýja tíma. Í ljósi þessa hefur stjórn Skógarbæjar skoðað þann möguleika að byggja sérbyli eða nýja álmu á lóð Skógarbæjar sem sérstaklega væri ætluð fyrir yngri sjúklingahópin. Hús eða álma sem væri fyrir 24 eða 32 einstaklinga og tengd við aðalbygginguna þannig að auðvelt væri að þjónusta þá einstaklinga sem þar byggju, bæði hvað varðar lækniþjónustu, hjúkrun, þrif, mat, sjúkraþjálfun og aðra þjónustu. Kosturinn við þessa byggingu væri sá að þeir 11 einstaklingar sem nú búa á yngri hjúkrunardeildinni í aðalbyggingunni gætu flutt í þessa nýju byggingu og hægt yrði að eyða tvíbylum og mæta þörfum yngri Alzheimer sjúklinga fyrir hjúkrunarrými með því að taka þá deild sem losnar undir starfsemi fyrir minnissjúka.

Markmið okkar í Skógarbæ er að veita eins öruggt, verndað og kærleiksríkt umhverfi fyrir heimilismenn og frekast er unnt og því gæti þessi nýja hjúkrunardeild fyrir minnissjúka verið þriðætt, það er að segja hún gæti þjónað að hálfu leiti sem sólarhrings hjúkrunardeild fyrir minnissjúka og að hálfu sem dagdeild jafnframt því að þjóna sem sólarhrings skammtímavistun fyrir dagdeildarsjúklinganna. Kosturinn við þetta fyrirkomulag væri sá að þegar einstaklingur í dagvistun þyrfti á sólarhringsumönnun að halda mundi dagvistarplássið hans breytast í sólarhringspláss. Það sólarhringspláss sem losnaði

næst breytast í dagvistun þannig að dagvistun / sólarhringsumönnun yrði sívirkir ferli. Slíkt fyrirkomulag myndi þjóna hinum minnissjúka og fjölskyldu hans á sem bestan hátt og væri einnig til hagsbóta fyrir stofnunina þar sem um sama einstakling væri að ræða frá dagvistun í skammtíamavistun og í sólarhringsumönnun.

Sá minnissjúki sem er komin með sjúkdóm sinn á það stig að hann þarfnast sólarhringsumönnunar, þarf þá ekki að ganga í gegn um það sársaukafulla ferli sem felst í því að vistast á annarri stofnun en þeirri sem hann hefur sótt dagvist á. Á nýrri stofnun þyrfti hann og fjölskylda hans að læra flesta hluti uppá nýtt og kynnast nýju starfsfólki sem getur reynst mjög erfitt bæði fyrir þann minnissjúka og fjölskyldu hans. Sérstaklega er þetta mikilvægt þegar um er að ræða yngri Alzheimer sjúklinga. Einnig er minnissjúkdómur óásættanlegri fyrir yngra fólk, bæði maka og sjúkling, og því æskilegt að gott flæði sé milli þessara stiga frá dagvistun, skammtíamadvöl, í sólarhringsumönnun.

Á haustdögum 2006, leitaði ég mér upplýsinga um það hvað margir, yngri en 67 ára greindust með Alzheimer sjúkdóm á hverju ári. Hjá Jóni Snædal öldrunarlækni fékk ég þær upplýsingar að um 120 einstaklingar greinist á hverju ári, á landsvísu með minnissjúkdóm og um 10 % þeirra væru yngri en 67 ára. Hann segir þennan hóp fyrr eða síðar þurfa á hjúkrunarheimili að halda og um helmingur eða 5 - 6 einstaklingar þurfi á hjúkrunarheimili að halda fyrir 67 ára aldur. Þessi ungi hópur er greinilega í mikilli þörf fyrir vistunarúrræði og eins sjá má á biðlista Skógarbæjar eru þar tveir einstaklingar fæddir 1949 sem greinst hafa með Alzheimer og þurfa nú þegar vistunarúrræði. Einnig bendir hann á að eiga megi von á mikilli fjölgun næstu 15 - 20 árin vega þeirra sem eru fæddir eftir seinni heimsstyrjöldina eða barnasprengrun (baby bombers) eins og þetta er kallað vegna fjölda fæðinga eftir stríð.

Á þessum 10. árum frá því að Skógarbær tók til starfa hefur orðið til mikil þekking

og sérhæfing í hjúkrun bæði hjá hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum. Mikil breidd er í sérhæfðri hjúkrun þar sem bæði kemur mikil aldursdreifing sjúklinga og mismunandi sjúkdómar. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að hver deild haldi sínum sérkennum og hafa hjúkrunarfræðingar verið þar í fararbroddi. Má þar nefna sem dæmi hjúkrunardeildina fyrir yngri sjúklinga, en hjúkrun þeirrar deildar hefur frá upphafi verið í höndum Helgu Tryggvadóttur hjúkrunarfræðings og annars starfsfólks. Í dag býr þar því mikil og góð þekking á hjúkrunar þörfum þessa unga hóps.

Á síðasta ári, nánar tiltekið 2. október 2006, var skipuriti Skógarbæjar breytt á þann veg að áður voru þrjár hjúkrunarstjórar með tvær deildir hver, en í dag eru tveir hjúkrunarstjórar með þrjár deildir hver, þannig að umfang sjúklingafjölda á hvorn hjúkrunarstjóra fyrir sig jókst um 20-25 % eða í staðinn fyrir að sjá um 28–30 sjúklinga hefur nú hvor hjúkrunarstjóri umsjón með 40 sjúklingum.

Markmiðið þessara breytinga er margþætt:

- að mæta skorti á hjúkrunarfræðingum sem mun aukast mikið á næstu árum.
- að minnka yfirbyggingu, dreifa ábyrgð/valdi og hagræða í rekstri til framtíðar.
- að nýta húsnæði betur þar sem skrifstofa eins hjúkrunarstjóra er lögð niður.
- að gefa hjúkrunarfræðingum kost á að sérhæfa sig á sinni deild eða á annan hátt.
- að gefa sjúkraliðum kost á að takast á við ný verkefni og breikka verksvið sitt.

Við þetta nýja fyrirkomulag breyttist starfssvið hjúkrunarstjóra, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. Starfssvið hjúkrunarstjóra felst nú fyrst og fremst í því að halda utanum og byggja upp starfsmenn og starfsanda, vinnuskýrslugerð og yfirumsjón með verkferlum deilda. Hjúkrunarfræðingar stjórna hjúkrun á deildum og daglegri skiptingu hjúkrunarverkefna milli starfsmanna. Stöðum hjúkrunarfræðinga hefur einnig fækkað við þetta nýja fyrirkomulag og koma sjúkraliðar meira inn á sjálfstæðar vaktir sem verkefnastjórar með hjúkrunarfræðing á bakvakt.

Samfara þessum breytingum verður hjúkrunarfræðingum einnig gefin kostur á að

sérhæfa sig þar sem þeirra áhugasvið liggur og í samræmi við starfsemi og stefnu Skógarbæjar. Vísir af þessu fyrirkomulagi var komin á áður en til breytinganna kom og má þar nefna starf djákna, og innkaup og sérhæfing í hjúkrunarvörum. Markmiðið með þessu er að mynda þekkingarsetur meðal hjúkrunarfræðinga þar sem hver hefur sitt sérsvið. Nú á vordögum er að verða til verkefni Aðlögunarstjóra, en það er eitt af þeim verkefnum sem brýnt er að koma á til að styðja við nýráðið starfsfólk, leiðbeina í starfi og tengja menningu hinna mismunandi þjóðernishópa sem vinna í Skógarbæ. Einnig munu tveir hjúkrunarfræðingar taka að sér að samhæfa og fylgja eftir hjúkrunargreiningum í húsinu sem er mjög brýnt þar sem tekið er mið af hjúkrunargreiningum við RAI mælingar (raunverulegur aðbúnaður íbúa).

Eins og áður segir gefst sjúkraliðum einnig tækifæri á að breikka og dýpka verksvið sitt og felst það fyrst og fremst í því að fylgja því eftir að unnið sé samkvæmt hjúkrunargreiningum og verkferlum. Einnig að bera ábyrgð á og framkvæma sáraskiptingar og lyfjagjafir ef hjúkrunarfræðingur er upptekin við önnur brýn verk eða á bakvakt.

Það er alveg ljóst að á næstu árum mun fækka mikið í stétt hjúkrunarfræðinga. Þeir hjúkrunarfræðingar sem hafa haldið uppi hjúkrunarþjónustu í landinu eru nú óðum að komast á eftirlaunaaldur og þeir sem útskrifast frá Háskóla Íslands skila sér illa til vinnu við hjúkrun. Því er brýnt að hjúkrunarfræðingar, jafnt í Skógarbæ sem og annarsstaðar, skoði á hvern hátt verði hægt að mæta þessum vanda. Við í Skógarbæ höfum nú þegar brugðist við en það eru að verða þrjú ár síðan að verkefnastjórstöðum sjúkraliða var komið á og enn erum við að þróa þetta verkefni með því að auka verkefni sjúkraliða. Skógarbær var fyrsta hjúkrunarheimilið sem kom slíku verkefni á og hafa komið fyrirspurnir um verkefnið frá öðrum hjúkrunarheimilum sem síðan hafa tekið upp svipað kerfi.

En það eru fleiri stéttir en hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar sem hafa unnið gott starf í Skógarbæ og er einn stærsti hópurinn sérhæfðir Eflingarstarfsmenn sem vinna við umönnun og ræstingu. Góðir og traustir starfsmenn sem hafa sótt námskeið tengt sínu starfi og margir þeirra hafa haft skýra framtíðarsýn og hafa farið í lengra nám eins og sjúkraliðanám og félagsliðanám. Stefna okkar í Skógarbæ hefur ætíð verið og verður áfram að styðja við og styrkja starfsmenn okkar eins og unnt er til náms og annarra hluta með sveigjanlegum vinnutíma eða á annan hátt. Í Skógarbæ skiptir það ekki máli hvaðan starfsmaðurinn kemur eða hvernig hann er á litin, það sem skiptir máli er að hann sé góð manneskja og tilbúin að tileinka sér markmið og gildi stofnunarinnar og vinna samkvæmt þeim.

Framtíðarsýn okkar í Skógarbæ er að vera í fararbroddi í því að bæta aðbúnað þeirra sem þurfa á hjúkrunarheimili að halda, jafnt ungra sem aldinna, og finna leiðir til að mæta skorti á fagmenntuðu starfsfólki og sameina ólíka menningarheima.

Jónbjörg Sigurjónsdóttir hjúkrunarforstjóri Skógarbæ